

STJÓRNARTÍÐINDI B 36 – 1993

25. maí 1993

397

Nr. 208

AUGLÝSING

**um staðfestingu á aðalskipulagi í Reykjahreppi
við Skarðaháls 1992-2012.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 25. maí 1993 staðfest aðalskipulag að Skarðahálsi í Reykjahreppi.

Uppdráttur ásamt greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem mælt er fyrir um í skipulagslögum nr. 19/1964. Sveitarstjórn Reykjahrepps hefur samþykkt aðalskipulagið og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt það til staðfestingar ráðherra.

Umhverfiráðuneytið, 25. maí 1993.

Eiður Guðnason.

Magnús Jóhannesson.

25. maí 1993

Nr. 209

AUGLÝSING

**um staðfestingu á legu tveggja 220 kv háspennulína frá Hamranesi
í Hafnarfirði að Keilisnesi í Vatnsleysustrandahreppi.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðuneytið þann 25. maí 1993 staðfest legu tveggja 220 kv háspennulína, Keilislínu 1 og 2, frá Hamranesi sunnan Hafnarfjarðar að Keilisnesi í Vatnsleysustrandahreppi.

Uppdráttur fyrir legu háspennulínanna hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19, 21. maí 1964 mæla fyrir um. Uppdrátturinn er samþykktur af bæjarstjórn Hafnarfjarðar og sveitarstjórn Vatnsleysustrandahrepps og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt hann til staðfestingar ráðherra.

Umhverfiráðuneytið, 25. maí 1993.

Eiður Guðnason.

Magnús Jóhannesson.